

Úrskurður 18/2017

A kærði ákvörðun Tollstjóra um tollflokkun á ökutæki í tollflokk 8704.1001, sem bæri 13% vörugjald og krafðist þess að ökutækið skyldi tollflokkað sem vinnuvél í tollflokki 8430.5000, sem bæri 0% vörugjald.

Tollstjóri taldi ljóst af útliti og hönnun ökutækisins að um væri að ræða ökutæki til vöruflutninga, nánar tiltekið svokallaðan dembara í tollflokk 8704.1001 og hafnaði því kröfu kæranda um ranga tollflokkun.

Við nánari skoðun á undanþáguákvæði 4. gr. laganna var það mat Tollstjóra að dembarar, að heildarþyngd undir 5 tonnum falli undir c-lið 3. tl. 4. gr. laganna og beri þannig 30% vörugjald en undir c-lið falla: „Önnur vélknúin ökutæki sem ekki eru sérstaklega talin upp í þessum kafla.“

Niðurstaða

Staðfest var ákvörðun embættisins um að flokka beri tækið sem ökutæki til vöruflutninga í vörulið 8704, nánar til tekið í tollskrárnúmer 8704.1001.

Í ljósi rangrar tilvísunar tollskrárnúmers til undanþáguákvæða vörugjaldslaga nr. 29/1993 og þá eftirfarandi rangrar álagningar við tollafgreiðslu ökutækisins sem til umfjöllunar var í málinu var málið sent til endurskoðunardeildar embættisins til áframhaldandi meðferðar.